

Þorsteinn Pálsson

Ræða á Hrafnseyri, 17. júní 2007

Verðskuldað höfum við lyft nafni Jóns Sigurðssonar á stall frelsishetjunnar. Hann beitti þeim brandi, sem dugði, til að vekja sjálfstæðismeðvitund fólksins í landinu.

Hann brá líka þeim skildi fyrir, sem þurfti, þegar sótt var að fornum landsréttindum og sögulegum rökum fyrir tilverurétti Íslendinga sem sérstakrar þjóðar með sjálfstæða menningu.

Baráttuvettvangur hans var sameiginleg höfuðborg Íslands og Danmerkur. Ræturnar voru hins vegar úr ósviknum íslenskum jarðvegi. Þær voru hér þar sem feikn fjallanna og máttur sjávarins runnu saman og mótuðu sérhverni vísi að nýjum tíma.

Í hugum flestra Íslendinga er barátta Jóns Sigurðssonar fyrir þjóðfrelsi og stjórnfrelsi með vissum hætti tengd þessum stað og þeirri eyri sem ól hann miklu fremur en hinni eyrinni, sem sund það dregur nafn sitt af, er gamla höfuðborgin stendur við. Rætur tilveru hans ráða þeirri ímynd fremur en baráttuvettvangurinn.

Þessar einföldu staðreyndir hafa greypst í þjóðernisvitund hverrar kynslóðar sem gengið hefur í spor hans. Hinu má þó ekki gleyma að hugsjónaeldurinn kviknaði ekki af íslenskum funa einum saman.

Sá eldur sem brann í brjósti prestssonarins héðan úr firðinum fór um lönd og álfur þeirrar tíðar og hitti þá menn fyrir sem höfðu næmni til að greina ný lögmal og ný tækifæri.

Sjálf sjálfstæðisbarátta Íslendinga var þannig hluti af vitundarvakningu Evrópu þjóðanna um gildi þjóðfrelsis, stjórnfrelsis og lýðfrelsis.

Hún var í raun og veru það sem við í dag köllum evrópska eða jafnvel alþjóðlega hreyfingu. Vera má að hér eigi eins við að nota svo einfalt og óhátíðlegt orð sem þróun til að lýsa þeim atburðum.

Gæfan var á hinn veginn í því fólgin að eiga fullhuga foringja sem gripu tækifæri nýs tíma, beittu vindáttinni í þágu fósturlandsins þó að þeir dveldu sjálfir fjarri ströndum þess í meiri snertingu við hringiðu stærra veraldar og viðburða.

Það minnkar ekki hlut þeirra. Nöfn þeirra eru jafn stór fyrir þá sök. Því síður gerir sú staðreynd minna úr störfum þeirra og baráttu. Hún segir okkur aðeins þá sögu að við höfum ekki verið, erum ekki og verðum ekki eyland í samfélagi þjóðanna nema í landfræðilegu tilliti. Erlendir straumar hafa verið hér við nyrsta haf álíka mikilvægir og áhrifaríkir í gegnum tíðina eins og hitt sem hér er sjálfsprottið.

Íslenskt þjóðlíf mótast á hverjum tíma í ríkum mæli eftir því sem gerist með öðrum þjóðum rétt eins og hinu sem er frumlegt og sérstakt fyrir Íslendinga. Enginn vissi þetta betur en Jón Sigurðsson.

Þar sem hann sat í Kaupmannahöfn sendi hann frá sér út hingað Litla varningsbók handa bændum og bómönnum á Íslandi. Hún hefst á þessum orðum: "Hver tími hefir sínar þarfir og sitt ætlunarverk, og það er hinn sanni gæfuvegur, eins þjóðanna eins og hinna einstöku manna, að kunna skýrt að sjá hvað fyrir hendi liggur á sérhverjum tíma, og að hafa manndáð og samtök til að fylgja því fram."

Kjarni málsins er sá að við okkur blasa nú, eins og á dögum Jóns Sigurðssonar, nýjar þarfir og ný ætlunarverk. Það var gæfuvegur síðari kynslóða Íslendinga að andans menn níttjándu aldar skynjuðu, þar sem þeir sátu flestir út í Kaupmannahöfn, að nýir tímar fóru í hönd.

Þeir höfðu eigin manndáð og eflðu með þjóðinni þau samtök sem þurfti til að fylgja fram nýjum viðhorfum.

Á herðum þeirrar kynslóðar Íslendinga sem nú lifir hvílir sú skylda að skynja með sama hætti hvernig þjóðin lagar sig sem best að þeim straumum sem nú fara um lönd og álfur.

Reynslan segir okkur að óskynsamlegt sé að láta sem þeir komi okkur ekki við.

Halldór Laxness lætur Bjart í Sumarhúsum byrja bókmenntalega tilveru sína á því að segja, eins og þverlund hans hæfði, það einfalda orð: Nei.

Stundum er eins og þjóðhátíðardagurinn fylli okkur svo af sjálfstæðismetnaði, eða öllu heldur sjálfstæðri þvermóðsku, að segja nei við öllum alþjóðlegum félagsskap nema þá helst í afsökunarskyni.

En einmitt á þessum degi megum við ekki gleyma því að hugsjón þeirra var ólík, prestssonarins frá Hrafnseyri og bóndans í Sumarhúsum. Sjónarrönd þeirra var ekki sú sama. Vera má að það leiði af því að sjálfstæðishreyfingin var alls ekki sér íslenskt fyrirbæri.

Í Varningsbók Jóns Sigurðssonar eru heilræði um ýmsa þá hluti sem betur máttu fara í þeirrar tíðar verkmenningu. Þau tóku til tólgar og þorsks rétt eins og verslunarháttar og samskiptakunnáttu við aðrar þjóðir.

Nú um stundir myndum við sjálfsagt skilgreina slíka hugvekju sem eins konar greinargerð um hinar ströngu kröfur erlendra markaða og mikilvægi aukinnar framleiðni og vöruvöndunar.

Með útsýni úr hornstofu sinni yfir Austurvegg Kaupmannahafnar skóf Jón Sigurðsson ekki utan af hlutunum þegar hann lýsti verklagi samtíðarmanna sinna heima á Íslandi á þennan veg:

“Vér erum eins og karlinn, sem ók hjólbörum og hitti fyrir þúfu, hann var heilan daga að streytast við að aka yfir þúfuna, en datt ekki í hug að fara utan við hana eða ryðja henni úr vegi; vér berjum landsynninginn löðursveittir dag fram af degi, en að hafa góða báta til að sigla hann, þar höfum vér ekkert lag á; það á að vera ómögulegt.”

Sú tíð kom að bændurnir fengu þúfnabana og útvegsbændurnir fengu þau skip sem beita mátti upp í landsynninginn. Eftir stendur að enn sem fyrr skiptir máli að standa jafnt þeim sem fremstir fara af viti og verkmenningu. Enn gildir sá ásetningur að tryggja íslensku hugviti aðgang að því alþjóðlega umhverfi þar sem verðmæti nútímasamfélags geta margfaldast.

Markmið okkar er að skapa velferðarþjóðfélag í víðtækustu merkingu þess orðs. Þjóðfélag sem skapar þau efnislegu verðmæti sem eru undirstaða menntunar og þekkingarleitar. Þjóðfélag sem skapar þau efnislegu verðmæti sem eru forsenda þess að við getum ræktað samfélagslegar skyldur okkar hvert við annað eftir því sem hver og einn megnar.

Fyrst eftir að fullveldi þjóðarinnar var viðurkennt trúðum við því og treystum að yfirlýsing um ævarandi hlutleysi Íslands gagnvart öðrum þjóðum tryggði sem best mátti vera stöðu landsins í alþjóðasamfélaginu. Annað kom á daginn. Við lærðum, reyndar mest af reynslu annarra, að engin þjóð kemst hjá því að koma ár sinni fyrir borð á einn vega eða annan.

Öryggi Íslands var þannig tryggt með aðild að Atlantshafsbandalaginu, samtökum lýðræðisþjóða í Evrópu og við norður Atlansthaf. Hér dvaldi í sama skyni í áratugi bandarískur her með vilja okkar sjálfra.

Þróun alþjóðamála hefur leitt af sér breytingar í þessum eignum. Þær kalla á mat okkar sjálfra á því hvar og hvernig við viljum skipa okkur í sveit í framtíðinni til að gæta sem best þessara hagsmuna og þessara lífsgilda. Það gerum við ekki af eigin rammleik einum saman.

Þátttaka í samstarfi annarra þjóða á þessu sviði er og verður hluti af því að verja tilverurétt Íslendinga; verja Ísland sem sérstakt samfélag. Við verðum að laga okkur að nýjum aðstæðum. Þar reynir sem fyrr á þá manndáð sem sér fyrir hvað fyrir hendi liggur.

Með vissum hætti má segja að hik okkar hafi verið nokkru meira þegar að því kom að treysta stöðu landsins í viðskiptum með vöru og þjónustu. Á eftir öðrum grannlöndum gerðumst við aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu. Þau eru nú eins og hvert annað barn síns tíma. Í áratug höfum við notið góðra ávaxta af samningi um svokallað evrópskt efnahagssvæði.

Um skeið réð hugsjónin um bandalag norrænna þjóða miklu um þær víddir eða takmörk sem við settum alþjóðlegu samstarfi af okkar hálfu. Svo fór að bræðraþjóðirnar komu ár sinni fyrir borð annars staðar.

Eftir lifir draumur um norræna stjórnmalahugsjón sem ekki varð að veruleika. Eigi að síður færði sá draumur Norðurlandþjóðirnar nær hver annarri í menningarlegum eignum. Sú samkennd er vissulega hluti af styrk okkar í alþjóðlegu samhengi.

Hvar sem lítið er í skrár um efnahag þjóðanna skipar Ísland sess meðal þeirra sem fremst standa. Við höfum því alla ástæðu til að trúa því að kynslóðir sporgöngumanna prestssonarins frá Hrafnseyri hafi látið draum hans rætast. En hvernig hefur það gerst?

Jú, barátta þeirra sem skynjuðu frelsishreyfingu nítjándu aldarinnar í Evrópu færði Íslandi um síðir fullveldi. Við skildum mikilvægi þess að efla menntun þjóðarinnar. Við smám saman skipuðum okkar eigin málum á þann veg að landsmenn fengu góðan arð af daglegum störfum. Við tryggðum öryggi þjóðarinnar í alþjóðlegu samstarfi. Við tryggðum viðskiptafrelsi okkar í bandalagi með öðrum þjóðum.

Þegar við lítum til baka finnst okkur eins og hvert og eitt skref sem þannig var stigði hafi farið eftir þeim vörðum sem fullhugar frelsisbaráttunnar hlóðu. En gleymum því ekki að um öll þessi skref hafa, sem vænta má, staðið deilur, stundum stríðar deilur.

Þær hafa öðrum þræði snúist um trúverðugleika við hugsjónir þeirra sem hófu kyndil frelsisins á loft, trúnað við hugsjónir Fjölnismanna og Jón Sigurðssonar, svo nöfn séu nefnd.

Á öndverðri tuttugustu og fyrstu öld þurfum við enn að skyggjast um og glöggva okkur á hvernig við treystum best stöðu þessarar sérstöku þjóðar í breyttum heimi. Samfélag þjóðanna hefur tekið miklum breytingum á skömmum tíma. Fátt er nú með sama hætti og áður var. Breytingarnar eru svo hraðar að mörgum reynist erfitt að átta sig á þeim.

Lítum á okkar eigin álfu: Það kom minni kynslóð á óvart að upplifa fall Berlínarmúrsins. Við trúðum því ekki á ungum aldri að sá dagur myndi renna á okkar tíma. Það sem meira er: Ný kynslóð er vaxin úr grasi sem þekkir ekki

skiptingu Evrópu með járntjaldi. Það er sagnfræði en ekki nýliðinn veruleiki fyrir yngstu þingmenn þjóðarinnar.

Með aðild okkar að varnarbandalagi lýðræðisþjóðanna tryggðum við eigin hagsmuni. En við lögðum einnig með þeim hætti okkar litla hlut að þróun, að draumi um frelsi sem rættist fyrir milljónir manna á meginlandi Evrópu.

Í aðildinni að Atlantshafsbandalaginu hefur verið fólgin staðfesta um sameiginlegar skuldbindingar og hugsjón gagnvart stærra samfélagi þjóða.

Örlög okkar verða aldrei óháð örlögum annarra þjóða. Einu gildir hvort við lítum á stjórnfrelsið eða viðskiptahagsmunina. Við endurheimtum fullveldið fyrir þá sök að það fór frelisisandi um Evrópu.

Í því ljósi veltur á miklu að okkur auðnist hér eftir sem hingað til að meta stöðu þjóðarinnar réttilega og í víðu samhengi eftir hreyfingu þess tíma sem við lifum og skynjum.

Okkar tími hefur sínar þarfir og sitt ætlunarverk rétt eins og sagði í Litlu varningsbókinni um þá tíð. Þær vörður sem þá voru hlaðnar voru ekki fastar í einhverri tímarás. Þær fólu ekki í sér að þjóðin ætti þaðan í frá að ganga í hring eftir hring um sömu viðfangsefni.

Þær vörður voru einfaldlega hlaðnar gildum sem við eigum að ganga eftir á hverjum tíma til móts við ný ætlunarverk og nýjar þarfir.

Þegar við lítum á stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu af kögunarhóli stjórn mála blasir við að sumar meginstoðirnar undir veru okkar þar eru veikari en áður.

Þetta á við um Norðurlandaráð og Atlantshafsbandalagið.

Þar af leiðir að það er eðlilegt viðfangsefni og réttilegt að meta hvort við þurfum að stíga ný skref í þeim tilgangi að treysta betur stjórn mála bænd þjóðarinnar í Evrópu.

Vitaskuld er ekki sjálfgefið að það sé nauðsyn þó að breytingar hafi átt sér stað.

Hitt er ljóst að um okkur mætti segja að við værum sofandi á verðinum ef við litum svo á að slíkt mat væri óþarft. Hugurfar af því tagi bæri ekki vott árvekni um gæslu hagsmuna þjóðarinnar.

Nei Sumarhúsabóndans er ekki gilt svar. Þvert á móti: Með skírskotun til þeirra gilda sem frelsi þjóðarinnar er reist á eru skyldur okkar þær að gæta að breytingum hvers tíma. Stöðu okkar eigum við að meta af gjörhygli hverju sinni. Síðan að taka ákvarðanir.

Aðild Íslands að innri markaði Evrópusambandsins hefur verið umgjörð grundvallarbreytinga og efnalegra framfara. Með gildum rökum má segja að þjóð sem býr við meiri kaupgetu og efnalega velsæld en flestar aðrar hafi ekki þörf fyrir að sækja lengra í alþjóðlegu efnahagssamstarfi en orðið er.

Alltént er það ekki svo að bágur efnahagur knýji á um ný skref að þessu leyti eða þau séu brýn af þeim sökum. En það breytir ekki hinu að hér getur verið að öðrum þáttum að hyggja sem skyldir eru og skipta þá einstaklinga máli sem hér búa og starfa. Til að mynda háttar svo til um íslensku krónuna .

Á dögum Jóns Sigurðssonar gildi hér danskur lögeyrir. Á þeirri tíð höfðu menn ekki þungar þrautir vegna óstöðugleika í hagkerfinu. Því síður veltu búmenn fyrir sér fyrirbrigðum af því tagi.

Í dag velkist íslenska krónan á úthafi frjálsra fjármagnshreyfinga. Aðrir líkja henni við rótlaust þangið. Víst er að búskapur þjóðarinnar og heimilanna í landinu hefur ekki fundið í henni kjölfestu.

Þegar til þess er horft að öll afkoma einnar þjóðar er í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr komin undir viðskiptum við aðrar ætti engum að dyljast að gjaldmiðillinn gegnir lykilhlutverki. Hann er stærri hluti af þörfum okkar tíma en fyrri tíma, þó að við, vegna tækninýjunga, sjáum hann helst aldrei.

Gjaldmiðillinn er mikilvægur; ein af undirstöðum þjóðarbúskaparins. Þó er hann aðeins það sem við endrum og sinnum tölum um í heldur niðrandi merkingu: Milliliður. Reyndar milliliður allra milliliða.

Skiptir öllu máli að milliliðurinn sé íslenskur? Getur hitt verið betri kostur að nota sameiginlegan millilið með öðrum þjóðum til að greiða fyrir viðskiptum? Bætir það hag landsmanna?

Vafningasamt getur verið að svara spurningum af þessu tagi. Mestu skiptir að við leitum eftir svörum við þeim; en segjum ekki nei án umhugsunar.

Sjálfstæðisbaráttan var á sinni tíð brot úr evrópskri hreyfingu. Enn eru stór viðfangsefni okkar samtíðar bundin álitaeftum um þátttöku í hræringum Evrópu. Við stöndum þannig andspænis nýrri birtingarmynd viðfangsefna sem eru í eðli sínu skyld þeim fyrri.

Sérhagsmunir Íslendinga eru okkur gjarnan efst í huga á þessum degi. En hitt má ekki: Að meta hagsmuni Íslendinga í afstöðu til annarra þjóða út frá þrengsta sjónarhorni sem finnst. Íslendingar eru rík þjóð.

Sakir þess felast hagsmunir okkar, hvers fyrir sig og allra saman, aukheldur í þeirri skyldu að lyfta undir með átaki þeirra þjóða sem enn hafa ekki náð að afla eigin nauðþurfta. Að lyfta undir með því fólki sem ekki á einu sinni aðgang að vatni. Að líta til þeirra barna í heiminum sem eiga þess ekki kost að læra að lesa og skrifa.

Kall hvers þjóðhátíðardags er áminning um varðstöðu um íslenska hagsmuni eftir þörfum og ætlunarverki hvers tíma. Þjóðhátíðardagurinn er ekki haldinn til þess að vekja upp gamlan tíma. Tilgangurinn er ekki samvera um rómantíska hugljómun.

Hann er áminning um að takast á við verkefni dagsins eins og það blasir við hverju sinni. Hann er brýning um að meta íslenska hagsmuni frá kögunarhöli nútímans. Hann er ákall til hverrar kynslóðar að nema ekki staðar; ákall um að brjóta ný viðfangsefni til mergjar og ryðja braut fyrir nýja og frjóa hugsun. Próffessor Guðmundur Finnbogason var einn af ármönnum fyrri aldar. Fyrir 101 ári skrifaði hann svo í Skírni:

“Hverjir kunna með minnstum kostnaði að skapa úr afurðum lands og sjávar þá hluti, er girnilegastir eru á markaðinum, og hverjir eru skarpskyggastir að sjá sér leik á borði heimsmarkaðarins, giska rétt á eðli og megin eftirspurnarinnar á hverjum stað og tíma og fljótastir að fullnægja henni? Hverjir skapa nýjar þarfir, sem þeir sjálfir eru hæfastir til að fullnægja?”

Eru það sofandi menn, fávísir menn og fákunnandi, framtakslausir og samtakalausir menn, hugdeigir menn og þreklausir, eigingjarnir menn og skammsýnir? Nei, nei. Það eru vakandi menn, vitrir menn og leiknir í öllum listum, framtaksmenn og samtakamenn, hugmenn og þrekmenn, ósýngjarnir menn og framsýnir.”

Þrátt fyrir mestu framfarir sem nokkur öld hefur skilað standa þessi orð jafn gild í dag sem þá. Þau þarf ekki að túlka eða laga að nýjum háttum. Þau eru enn óbreytt lifandi og sannur boðskapur.

Nýr tími kallar meiri rannsóknir. Hann kallar á aukna menntun. Hann gerir ennfremur þær kröfur að þau tækifæri séu opnuð sem leiða menn með þekkingu og framtak í kögglum til nýrra gjöfilla viðfangsefna.

Þjóðhátíðardagurinn kallar okkur enn einu sinni til þessarar hugsunar. Hún er brandur komandi kynslóðar Íslendinga. Í henni er fólgin trúnaðurinn við frumherja þessa dags.